

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Hraunhólar, L166567.*

Í deiliskipulaginu felst stækkun á núverandi skipulagssvæði og fjölgun lóða innan þess. Jafnframt eru stærðir og hnitsetningar lóða yfirfarnar og leiðréttar auk þess sem skilmálar eru uppfærðir í takt við fjölgun lóða. Gildandi deiliskipulagsáætlun með síðari breytingum fellur úr gildi við gildistöku deiliskipulagsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. nóvember 2021.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 4. maí 2022.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**